

# Íbúafundur á Kópaskeri

Greinargerð



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga  
fyrir sveitarfélagið Norðurþing  
Haust 2009

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Saga og umhverfi.....	3
Atvinna .....	4
Kaupfélag Norður-Þingeyinga.....	4
Útgerð.....	4
Þjónusta og menningarstarf.....	5
Íbúápróun .....	6
Þróun síðustu ára í atvinnumálum .....	7
Fjöldi og skipting starfa .....	7
SVÓT greining .....	7
Hugmyndabanki .....	9
Ferðaþjónusta.....	10
Grunngerð og menning .....	11
Iðnaður .....	13
Landbúnaður og kjötvinnsla .....	13
Sjávarútvegur og fiskeldi .....	13
Önnur matvælaframleiðsla .....	14
Þjónusta .....	14
Ýmislegt .....	15
Flokkun hugmynda .....	17
Samantekt.....	18
Aðkoma hagsmunaaðila að uppbyggingu .....	18
Frá orðum til athafna.....	19

## Inngangur

Í ágúst 2009 leitaði sveitarfélagið Norðurþing eftir samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um að halda íbúafundi á Kópaskeri um „Möguleika og tækifæri í eflingu byggðar og atvinnu á Kópaskeri“. Haldnir voru 5 fundir á tímabilinu 18. ágúst – 10. september 2009. Alls tóku 36 manns þátt í fundunum og var fjöldi á hverjum fundi frá 13 – 30 manns. Árið 2008 hafði Norðurþing staðið að samskonar vinnu á Raufarhöfn í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Á Raufarhöfn hafði lokaður starfshópur unnið greininguna og tillögur en ákveðið var að auglýsa fundina opna fyrir alla áhugasama á Kópaskeri. Greinargerð þessi er afrakstur af Kópaskersfundunum. Í henni má finna stutt yfirlit um sögu Kópaskers og atvinnu þar, SVÓT greiningu fyrir þorpið og nágrenni og fjöldann allan af tillögum sem fram komu á „þankahrið“.

Vinna sem þessi hefur alltaf gildi í sjálfu sér, það að fólk setjist niður og gefi sér tíma til að ræða það samfélag sem það býr í og framtíðarsýn er mikils virði. En markmiðið með allri þeirri vinnu sem lögð var í þetta verkefni er að hún vísi veginn þegar hugað er að uppbyggingu á Kópaskeri. Í greinargerðinni birtast skoðanir heimamanna, framtíðarsýn og tillögur til þeirra sem að uppbyggingu koma. Í henni má sjá tvær skýrar áherslur, **aukna matvælaframleiðslu og uppbyggingu í ferðaþjónustu**. Kópaskersbúar og nágrennar eru meðvitaðir um öll þau gæði sem land og sjór bera í sér við Öxarfjörðinn. Þetta er svæði sem hefur mikið að bjóða ferðamönnum og fjölmargir náttúrulegir og menningarlegir þættir sem þarf að koma betur á framfæri til að draga fólk að. Mikil þekking í fiskeldi, grænmetisræktun og kjötvinnslu er á svæðinu og kjöraðstæður eru til að efla þá starfsemi alla enn frekar.

## Saga og umhverfi

Kópasker var byggt í landi Snartarstaða og Presthólahrepps og dregur þorpið nafn sitt af samnefndu skeri. Kaupfélag Norður-Þingeyinga var stofnað 1894 með aðsetur á Kópaskeri. Fram að því hafði engin byggð verið á Kópaskeri en í Kópaskersvogi sunnan og austan við Kópasker var löggiltur verslunarstaður frá 1879, þar sem erlendir kaupmenn komu hvert vor og stunduðu verslun. Fljótlega eftir stofnun kaupfélagsins var byggð vöruskemma á Kópaskeri. Bryggja kom einnig fljótt en það var ekki fyrr en 1940 sem ráðist var í byggingu á steyptri bryggju og seinna byggður brimvarnargarður. Smátt og smátt bættist við byggingarnar á Kópaskeri, skrifstofu- og verslunarhúsnæði var byggt, vöruskemma og lítið sláturhús. Fyrsta íbúðarhúsið á Kópaskeri byggði Árni Ingimundarson afgreiðslumaður en hann sá m.a. um allar skipakomur frá byrjun verslunar í þorpinu, fyrir fjölskyldu sína árið 1912 og fékk það nafnið Bakki. Kópasker varð sá staður í héraðinu sem allir sóttu verslun til og þar jókst smám saman þjónusta. Á árunum 1945-1950 fór íbúðarhúsum á Kópaskeri að fjölga. Íbúum fjölgaði síðan verulega þegar útgerð hófst á Kópaskeri ekki síst í tengslum við rækjuvinnslu. Árið 1983 náði íbúatalan hámarki en þá voru íbúar Presthólahrepps 192. Kópasker er þjónustukjarni fyrir

sveitirnar við Öxarfjörð og íbúa Melrakkaslétta. Íbúar á því svæði hafa sótt þangað verslun og ýmsa þjónustu. Eftir því sem samgöngur hafa batnað, hefur þetta vægi e.t.v. minnkað en þó er alltaf þörf fyrir nærþjónustu.

Kópasker var í sveitarfélaginu Presthólahreppi. Árið 1991 sameinast Presthólahreppur og Öxarfjarðarhreppur undir nafninu Öxarfjarðarhreppur. 1994 bætist Fjallahreppur inn í Öxarfjarðarhrepp. 2006 varð Öxarfjarðarhreppur hluti af Norðurþingi sameinuðu sveitarfélagi Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps.

1976 varð snarpur jarðskjálfti við austanverðan Öxarfjörð. Talsverðar skemmdir urðu á húsum og öðrum mannvirkjum. Rafmagn fór af víðast hvar, vatnsveitan rofnaði og sambandslaust var við Kópasker og Núpasveit. Skjálfti þessi gengur síðan undir nafninu Kópaskersskjálftinn

## **Atvinna**

Atvinna Kópaskersbúa hefur lengst af verið við verslun og ýmsa þjónustu við sveitirnar í kring. Stofnun Kaupfélags Norður-Þingeyinga var grundvöllurinn að uppbyggingu á Kópaskeri. Mikil uppbygging varð í þorpinu í tengslum við veiðar og vinnslu á innfjarðarrækju í Öxarfirði á síðustu tveimur áratugum 20. aldar. Í dag er Fjallalamb stærsti vinnustaðurinn á Kópaskeri, en fyrirtækið er löngu orðið þekkt fyrir vandaða matvælaframleiðslu.

## **Kaupfélag Norður-Þingeyinga**

Kaupfélag Norður-Þingeyinga stóð fyrir mikilli starfsemi á Kópaskeri á starfstíma sínum. 1944 byggði kaupfélagið skrifstofu og verslunarhúsnæði á tveimur hæðum sem er í notkun enn í dag. Kaupfélagið rak í viðbyggingu við það húsnæði veitinga- og gistihús sem var starfrækt fram undir aldamótin 2000. Félagssvæði kaupfélagsins er sauðfjárræktarsvæði. Kaupfélagið byggði þar fyrsta sláturhús sitt árið 1912. 1927-1928 var síðan ráðist í byggingu sláturhúss og kjötfrystihúss, en það var eitt þeirra fyrstu sem reis á landinu. Framleiðslan jókst hratt og árið 1948-1949 var byggt nýtt slátur- og frystihús. Kaupfélagið rak einnig viðgerðarverkstæði og trésmíðaverkstæði og stóð fyrir áætlunarferðum milli Akureyrar og Kópaskers á sumrin. Á árunum 1988-1990 lenti kaupfélagið í greiðsluferfiðleikum og loks gjaldþroti.

## **Útgerð**

Fyrsti fiskibáturinn var skráður á Kópaskeri 1961, en þá er farið að leggja inn fisk og grásleppuhrogn þar í smáum stíl. Útgerð hófst á Kópaskeri upp úr 1970. Útgerðarfyrirtækið Sæblik var stofnað fljótlega upp úr því. Þar voru verkurð grásleppuhrogn, saltfiskur og skreið. Eftir að rækjumið fundust í Öxarfirði var stofnuð rækjuverksmiðja á vegum Sæbliks. Fyrirtækið lenti í greiðsluferfiðleikum og gjaldþroti á árunum 1988-1990. Útgerðarfyrirtækið Útnes var síðan stofnað, sem byggði m.a. fiskverkunarhús, en fyrirtækið seldi síðan húsið og sneri sér alfarið að veiðum á úthafs-rækju. Hlutafélagið Gefla hf. keypti fiskverkunarhúsið og breytti því í rækjuverksmiðju. Góð rækjumið voru í Öxarfirði og árið 1997 var leyfð þar mest veiði eða 1900 tonn. Rækjuveiði í firðinum dróst síðan saman og frá 2002 hefur Hafrannsóknarstofnun ekki lagt

til neinar veiðar. 2002 hætti Gefla hf. starfsemi og síðan hefur ekki verið unnin rækja á Kópaskeri. Um skeið var Árni á Bakka, 250 tonna togveiðiskip gert út frá Kópaskeri. Í dag eru nokkrir smábátar gerðir út frá Kópaskeri.

Eftir að Kaupfélag Norður-Þingeyinga fór í þrot tóku ýmsir aðilar við þeirri starfsemi sem kaupfélagið hafði fram að því staðið að.

Slátrun og kjötvinnsla er veigamikill þáttur í atvinnulífinu á Kópaskeri. Fjallalamb er hlutafélag sem bændur við Öxarfjörð, Þistilfjörð og Langanes eru hluthafar að. Vörur frá Fjallalambi hafa getið sér gott orð fyrir gæði.

Á Kópaskeri eru bæði trésmíða- og vélaverkstæði. Einnig eru þar starfandi nokkrir verktakar.

Allt frá tímum kaupfélagsins hefur verið rekin gistipjónusta á Kópaskeri og þar er nú farfuglaheimili og orlofsíbúðir.

## **Þjónusta og menningarstarf**



Þjónustustig á Kópaskeri er nokkuð hátt miðað við fjölda íbúa. Þar er verslun, sparisjóður, pósthús og hársnyrtistofa. Heilsugæsla á vegum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga er góð, en á Kópaskeri starfa bæði læknir og sjúkraþjálfari. Þjónusta við aldraða fer fram í nýju húsnæði, Stóru Mörk.

Á Kópaskeri er starfræktur leikskólinn Krílabær. Hann er starfræktur í skólahúsi sem byggt var árið 1982 í hjarta þorpsins. Í skólanum fór fram kennsla fyrir fyrstu 7 bekki grunnskólans en elstu bekkjunum var kennt í Lundi. Nú árið 2009 hefur verið tekin ákvörðun um að öll grunnskólakennsla fyrir íbúa við Öxarfjörð fari fram í Lundi.

Kvenfélagið Stjarnan starfar á Kópaskeri. Kirkjukór Snartarstaðakirkju starfar á Kópaskeri og nágrenni. Þar starfar einnig björgunarsveitin Núpur. Menningardagur með margvíslegri dagskrá hefur verið árlegur viðburður á Kópaskeri. Hann hefur verið haldinn síðustu helgi fyrir aðventu. Kiwanisklúbburinn Faxi stóð lengi fyrir árlegu þorrablóti á Kópaskeri fyrir Öxfirðinga og íbúa á Melrakkaslétu. Björgunarsveitin Núpur tók við og sá um blótið í nokkur ár, en nú standa kvenfélagið og björgunarsveitin fyrir því til skiptis.

## Íbúapróun

Kópasker er ungt þorp, fyrsta fjölskyldan flutti þangað árið 1912 og það var síðan ekki fyrr en um miðja 20. öldina að íbúum þar fór að fjölga. Íbúafjöldinn varð mestur þegar sem mest uppsveifla var í rækjuvinnslu, uppúr 1980 en þá fór íbúafjöldinn yfir 190. Á síðustu tíu árum hefur íbúum fækkað nokkuð og íbúatalan 1. desember 2008 var 135. Hér að neðan má annars vegar sjá súlurit yfir íbúafjölda á Kópasker á árunum 1997-2008 og hins vegar aldurskiptingu á þessu sama árabili.



## Þróun síðustu ára í atvinnumálum

### Fjöldi og skipting starfa

Eftirfarandi er fjöldi og skipting starfa á Kópaskeri (póstnúmer 670) samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru úr gagnagrunni Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um atvinnulíf árið 2008. Sumt hefur breyst þó nokkuð síðan þessar upplýsingar voru skráðar og munar þar væntanlega mestu um að grunnskólastarf var lagt niður á Kópaskeri, en við það fækkar opinberum störfum í þorpinu nokkuð. Þarna koma heldur ekki fram störf við útgerð, en árið 2008 var aðeins hálf stöðugildi yfir sumarmánuðina og ekkert yfir veturinn en í töflunni kemur aðeins fram það sem nær hálfu stöðugildi á ársgrundvelli eða meira. Hugsanlega hefur störfum í útgerð fjölgað með strandveiðum sumarið 2009.

Atvinnugrein	Stöðugildi
Matvælaíðnaður	18
Annar iðnaður	3
Ferðaþjónusta	1
Önnur þjónusta	7,5
Opinber þjónusta	19,5
Verslun	2,5
Byggingariðnaður og vinnuvélar	3,5
Samtals	55

### SVÓT greining

Skammstöfunin SVÓT stendur fyrir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. SVÓT greining er því greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum þess sem rannsakað er. Í þessu tilviki Kópasker. Greiningin byggir á forrannsókn sem getur verið sjálfstæð rannsókn eða söfnun fyrirbyggjandi gagna. Í sjálfri SVÓT greiningunni eru niðurstöðurnar síðan flokkaðar á kerfisbundinn hátt og settar fram í formi umsagna. SVÓT greining er því strangt til tekið ekki rannsóknaraðferð heldur flokkunarkerfi á niðurstöðum úr forrannsókn.

Styrkleikar og veikleikar eru yfirleitt innri eiginleikar eða eitthvað sem viðkomandi hefur til ráðstöfunar eða skortir. Byggja má á styrkleikum og bæta úr veikleikum eða draga úr áhrifum þeirra með áherslubreytingum. Ógnanir og tækifæri eru oftast tengd ytra umhverfi eða aðstæðum, einhverju sem ekki er þegar til staðar, en krefst aðgerða til að nálgast eða forðast. Gera verður varúðarráðstafanir gegn hugsanlegum ógnunum og á sama tíma er hægt að gera ráðstafanir til að grípa tækifærin. Þau geta orðið grundvöllur framsækinnna framtíðaráætlna.

Aðalkostir aðferðarinnar eru hversu niðurstöðurnar eru aðgengilegar og auðvelt að uppfæra þær. Helsti gallinn er að ekki er innbyggt í aðferðina hlutfallslegt vægi eða mikilvægi niðurstaðna

(Byggðalög í vörn og sókn, 2004). Niðurstöðurnar segja heldur ekki til um hvernig sé best að bregðast við þeim. Til að veða upp á móti þessu verður í lok hverrar upptalningar umfjöllun um hvernig megi vinna með það sem þar fram kemur. (Elísabet Gunnarsdóttir. 2008. *Raufarhöfn, skýrsla starfshóps um möguleg tækifæri til atvinnusköpunar*)

SVÓT	Innri greining	Ytri greining
Jákvætt (+)	<b>Styrkleikar</b> - viðhalda, skapa tækifæri	<b>Tækifæri</b> - nýta
Neikvætt (-)	<b>Veikleikar</b> - Bæta	<b>Ógnanir</b> - uppræta eða bregðast við

SVÓT greining var unnin á íbúafundum á Kópaskeri 18. ágúst og 25. ágúst 2009. Á fyrri fundinum var mótuð eftirfarandi framtíðarsýn:

*Að tíu árum liðnum verði íbúafjöldi á Kópaskeri 180 manns og fjölgun fylgir fjölgun yfir landið. Atvinnulífið byggir á styrkum stöðum í kjötvinnslu og þjónustu. Nýttir verða möguleikar í útgerð og fiskvinnslu. Einnig verða komin til ný atvinnutækifæri.*

Fundarmönnum var skipt upp í þrjá vinnuhópa. Á fyrri fundinum var unnið með styrkleika og veikleika og á þeim seinni ógnanir og tækifæri. Hér eru tekin saman helstu atriði sem þar komu fram.

### **Styrkleikar**

Styrkleikar Kópaskers eru margir og möguleikar til eflingar sem grundvallast á þeim miklir. Þjónusta hefur verið sótt til Kópaskers af all stóru svæði, því hefur þjónustustig verið hátt bæði hvað varðar heilsugæslu, viðgerða- og smíðaðþjónustu, verslun og aðra almenna þjónustu. Atvinnulífið byggir á þjónustu (þ.m.t. ferðaðþjónustu) og kjötvinnslu. Mikill þekking og reynsla er til staðar í þjónustugreinum, kjötvinnslu og útgerð. Aðstæður til uppbyggingar eru góðar, nóg vatn, pláss og veitukerfi.

### **Veikleikar**

Veikleikar Kópaskers eru fyrst og fremst fólksfækkun og breyttar aðstæður. Stjórnun færðist fjær þorpsbúum þegar sveitarfélagið stækkaði og þeir upplifa vanmátt í kjölfarið. Grunnskóli hefur

verið lagður af sem hefur haft slæm áhrif á samfélagið og íbúar telja það rýra verulega búsetugæði staðarins. Fólksfækkun leiðir af sér að félagsstarf leggst á fárra hendur og vinnuafli til að hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd skortir. Húsnæði er af skornum skammti og nýting þess að breytast, meira húsrými er nýtt sem gistirými. Flutningskostnaður er mikill og almennilega vegatengingu vantar til austurs. Til að efla ferðaþjónustu vantar bæði veitingasölu og sundlaug. Gefluhúsið er í eigu utanaðkomandi aðila, þar er ekki starfsemi.

## **Tækifæri**

Miklir möguleikar eru í ferðaþjónustu, ekki síst vegna nálægðar við miklar náttúruperlur og aukna eftirspurn eftir náttúruupplifun. Einnig felast tækifæri í fiskvinnslu vegna nálægðar við fiskimið og meira frelsi í sjávarútvegi. Sama má segja um kjötvinnsluna, ýmsar leiðir eru hugsanlegar til að efla þá starfsemi enn frekar. Svæðið hefur mikla möguleika í fiskeldi og grænmetisrækt, bæði vegna náttúrulegra aðstæðna og þeirrar þekkingar sem er til staðar. Jarðhitinn og staðsetning á flekaskilum fela í sér möguleika í tengslum við ferðaþjónustu og ræktun. Margt bendir til þess að olíu sé að finna í Öxarfirði en það hefur aldrei verið kannað til hlítar. Ný tækifæri felast e.t.v. í bætum samgöngum og ESB aðild.

## **Ógnanir**

Helstu ógnanir felast í fólksfækkun og pólitískum veikleika svæðisins. Atkvæði á svæðinu eru fá og hafa því ekki mikið vægi hvorki í alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum. Ýmislegt í stjórnkerfinu gerir uppbyggingu erfiða, t.d. kvótakerfið og jarðalög. Einnig ýmsar reglugerðir og kröfur sem erfitt er að uppfylla. Afkoma í sauðfjárrækt er léleg og nýliðun nánast engin. Samgöngur eru slæmar til austurs og nýr vegur yfir Hófaskarð gerir það að verkum að Kópasker verður ekki lengur „í leiðinni“. Innganga í ESB getur hugsanlega veikt stöðu svæðisins sem byggir afkomu sína að miklu leyti á landbúnaði.

## **Hugmyndabanki**

„Þankahrið“ var meginviðfangsefni þriðja íbúafundarins sem haldinn var 8. september. Þar gafst fundarmönnum kostur á að setja fram allar sínar hugmyndir um uppbyggingu á Kópaskeri. Fundurinn var hinn líflegasti og hugmyndirnar einstaklega fjölbreyttar og skemmtilegar. Í upphafi fundar lá ljóst fyrir að allar hugmyndir ættu rétt á sér. Það var ekki fyrr en á næsta fundi 10. september sem tillögurnar voru ræddar frekar, sameinaðar þær sem voru mjög líkar og þær flokkaðar. Hér á eftir eru tillögurnar listaðar upp, fyrst er þeim raðað eftir ákveðnum málaflokkum. En tekið skal fram að oft var erfitt að ákveða hvaða flokkur hentaði best, t.d. þegar um er að ræða menningarmál og ferðaþjónustu. Því næst eru hugmyndarnar metnar og þeim raðað inn í töflu eftir því hversu auðveldar þær eru í framkvæmd og rekstri og því hversu atvinnuskapandi þær eru. Sú flokkun var unnin sameiginlega á síðasta fundinum.

Hér að neðan eru hugmyndirnar taldar upp og útskýrðar stuttlega. Við hverja hugmynd kemur fram hverjir fundarmenn töldu að ættu að vera framkvæmdaraðilar. Þær hugmyndir sem

fundarmenn töldu hafa mikið gildi þrátt fyrir að skapa í sjálfu sér fá störf eru stjórnumerktar. Það eru hugmyndir sem taldar voru grundvöllur að annarri uppbyggingu eða hafa mikið samfélagslegt gildi.

## Ferðapjónusta

**Upplýsingamiðstöð við Hólaheiðarafleggjara**, til þess m.a. að kynna hvað Kópasker og nágrenni hefur að bjóða fyrir ferðamenn.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag og starfandi fyrirtæki.

**Þjónustubíll**, sjoppa við Dettifoss upplýsingamiðstöð

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Siglingar, fyrir ferðamenn** útsýnissiglingar og sjóstangveiði. Aðstaða við höfnina er mjög góð og þó nokkrir smábátar á staðnum. Áhugaverður kostur að fara í siglingar og skoða fugla og seli.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Presthólahreppur jarðgarður/geopark**,\* unnið með svæðið út frá jarðfræðilegum sérkennum og verndun.

Til að það geti orðið þarf að koma til sameiginleg ákvörðun sveitarfélagsins og samfélagsins.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag, einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Hótel**, eftirspurn eftir gistirými eykst stöðugt, ekki síst með mikilli þjónustu og herbergjum með baði.

Framkvæmdaraðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Ylströnd**\*, við Kópasker eru fallegar strendur m.a. Grímshöfn, þar mætti gera aðstöðu og veita volgu affallsvatni í sjóinn til að búa til baðströnd. Þar mætti jafnvel setja upp búningsaðstöðu í litlu húsi. Sjósund á miklum vinsældum að fagna um þessar mundir og sjálfsagt væri einnig hægt að höfða til þeirra sem það synda.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélagið og starfandi fyrirtæki (hitaveitan) .

**Skoðunarhús til að skoða fugla og seli**,\* fram kom að ferðamenn fara í auknu mæli niður að sjó til að skoða fugla og seli. Þar mætti setja upp skoðunarhús án mjög mikils tilkostnaðar. Það myndi nýtast bæði ferðamönnum og gestum.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélagið, starfandi fyrirtæki.

**Jurtalitun**, setur, sýning og eða námskeið sem boðið væri upp á í jurtalitun. Jafnvel væri hægt að koma upp opinni vinnustofu þar sem gestir og gangandi gætu fylgst með jurtalitun og keypt sér minjagripni hugsanlega væri hægt að gera þetta í samstarfi við Byggðasafnið á Snartarstöðum og/eða Heimöx.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

**Veitingasala í Fjallalambi**, veitingastaður í beinum tengslum við Fjallalamb, þar sem gestum væri boðið upp á heimafengið hráefni. Einnig kom fram hugmynd að kjötdeginum mikla sem Fjallalamb stæði fyrir.

Aðstandendur: Fyrirtæki (Fjallalamb)

**Ferðaskrifstofa**, mikilvægur hlekkur í að kynna og selja ferðir um svæðið. Með nútíma internetvæðingu getur ferðaskrifstofa verið staðsett hvar sem. Ferðaskrifstofa sem starfaði svæðisbundið gæti markaðssett

myrkrið, veturinn, brimið og þögnina, gönguskíðaferðir, glitskýja- og norðurljósaferðir, söguferðir og margt fleira. Bent var á marga áhugaverða afþreyingarmöguleika sem hægt væri að byggja upp samhliða, t.d.: dorgveiði í vötnum, minkaveiði í gildrur, fuglaveiðar, vélsleðaferðir, kajaksiglingar, útsýnissiglingar og sjóstangveiði.

Framkvæmdaaðilar: Fyrirtæki og einstaklingar

**Merkingar og gönguleiðir\***. Gera þyrfti átak í að merkja og stika gönguleiðir í nágrenni Kópaskers.

Fjöldmargir aðilar gætu komið að þessari vinnu.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar

**Hugleiðslusetur.** Þó nokkrar tillögur komu fram í þessum anda sem hugsanlega mætti tengja saman. Talað var um andlega heilsumedferð, stresslosun, „sweat“ og ýmislegt fleira. Fundarmenn töldu umhverfið og kyrrðina bjóða upp á fullkomið umhverfi fyrir slíka starfsemi. Hún gæti dregið til sín fjölda fólks ef vel væri að henni staðið og myndi hugsanlega að einhverju leyti höfð til sama hóps og t.d. sjósund.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar, fyrirtæki og ríkið.

**Handverkshús.** Ekkert handverkshús er á Kópaskeri en úr því mætti gjarnan bæta. Á svæðinu eru tveir eldsmiðir. Hugsanlega mætti vinna eitthvað með það, t.d. með því að halda eldsmiðamót. Það væri e.t.v hægt að tengja við Sumarsólstöðuhátíð.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

**Útsýnisflug.** Fram kom sú hugmynd að hægt væri að bjóða upp á útsýnisflug á vélknúnum tveggja manna svifdrekum. Hægt væri að fljúga yfir Ásbyrgi og víðar.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

## Grunngerð og menning

**Árleg sumarsólstöðuhátíð** (fjölbreytt og metnaðarfull, þar sem sérstaklega er reynt að höfða til brottfluttra og annarra þeirra sem tengdir eru staðnum, sami tími ár hvert)\*

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag, einstaklingar og starfandi fyrirtæki.

**Þátttaka aðfluttra í samfélaginu\*\***, en fram komu áhyggjur fundarmanna af því að ekki tækist nógu vel upp með að virkja þá sem flytja í þorpið til þátttöku í ýmsum félagslegum þáttum. Á svona litlum stað er gríðarlega mikilvægt að íbúar standi saman og séu a.m.k meðvitaðir um þá möguleika sem í boði eru.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag og einstaklingar.

**Íslenska menntanetið**, varð til á Kópaskeri og er eitt af því sem stendur upp úr í sögu þorpsins. Nú er Pétur Þorsteinsson stofnandi íslenska menntanetsins aftur fluttur til Kópaskers, því er kjörið tækifæri til að setja upp litla sýningu eða minnisvarða um IMBU, íslenska menntanetið.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélagið og einstaklingar.

**Fræðasetur í skólahúsinu** um fugla, sjó o.fl. Rannsóknarstarf við Jarðskjálftasetur, hugsanlegt samstarf við Þekkingarsetur Þingeyinga.

**Vetraríþróttasvæði utan við Hryggfjall\***, aðstaða fyrir fólk til skíðagöngu, gönguferða, snjósleðaferða og fleira. Slíkt svæði myndi auka verulega á möguleika heimamanna til að stunda útivist á veturna og auka möguleika á vetrarferðaþjónustu.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag og einstaklingar.

**Safnaferðir og samtenging milli safna**, auka þarf virkni og nýtingu á söfnum og sýningum. Það mætti meðal annars gera með aukinni samvinnu þessara aðila og skipulögðum safnaferðum.

Framkvæmdaaðilar: Starfandi stofnanir

**Menningardagur\***, árlega í kringum mánaðarmótin nóvember – desember er haldinn menningardagur á Kópaskeri. Hann mætti efla enn frekar.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar.

**Þjóðdansafélag**, slík félög hafa mikið gildi bæði menningarlega og félagslega.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

**Jón Trausti og sögurnar hans\***, vinna með uppruna Jóns Trausta á Melrakkasléttu og það umhverfi sem augljóslega er sögusviðið bæði í sögum og ljóðum eftir hann. Sérstaklega má nefna heiðarbylasögurnar, en tilvalið væri að gera framhaldsmyndaflokk eftir þeim og taka hann upp á svæðinu. Það myndi draga ferðamenn á svæðið.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar

**Sléttumarapon\***, Tófusprengrur. Sléttan er gott svæði til að skipuleggja hlaup um, þar er aðgengi gott til að setja upp þjónustustöðvar en mikil ró.

**Skrá örnefni og söguminjar\***, mjög lítið hefur verið skráð af þessum minjum á svæðinu. Með hverju árinu sem líður tapast þekking á örnefnum. Örnefni má nýta á mjög skemmtilegan hátt í kennslu og ferðaþjónustu.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, sveitarfélag og einstaklingar

**Tónlistarhátíð\***. Fram komu hugmyndir um að halda tónlistarhátíð á Kópaskeri, þar sem höfðað væri til ákveðins hóps tónlistarmanna og áheyrenda. Eitthvað í líkingu við berjahátíðina í Ólafsfirði t.d., en bara með annarri áherslu.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

**Byggðasafnið á Snartarstöðum**. Rætt var um mikilvægi þess að hlú að byggðasafninu og starfsemi þess. Meðal annars að þar þyrfti að ráða aftur starfsmann í heilsársstarf. Byggðasafnið hefur mikla sérstöðu hvað varðar mikla áherslu á handverk, þá sérstöðu þarf að efla enn frekar og koma á framfæri.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélagið.

**Vinnustofur fyrir listamenn \***. Hægt væri að bjóða upp á íbúðir og vinnustofur fyrir listamenn á Kópaskeri. Það auðgar mannlífið. Slík verkefni mætti vinna í samstarfi við listaháskólann.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og fyrirtæki.

**Byggja stein- og torfbyggingar** . Mikilvægt er að viðhalda verkþekkingu á þessu sviði. Einnig væri hægt að prýða þorpið með slíkum byggingum. Hugsanlega mætti koma á fót námskeiði á staðnum þar sem slíkt bygging væri reist.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

## Iðnaður

**Rekaviðarvinnsla**. Rekaviðurinn á svæðinu er vannýtt auðlind. Fram komu ýmsar hugmyndir um hvernig mætti vinna úr honum. Nýta mætti viðinn til húsgagnasmíði, þau húsgögn hefðu þá mikla sérstöðu. Einnig mætti búa til úr viðnum ýmis skilti og göngustígakurl.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og fyrirtæki.

**Sandur**. Gríðarlegt magn af sandi er í Öxarfirði. E.t.v. mætti nýta hann í iðnað eða annað. Sandurinn er sjóþveginn og því mjög hreinn. E.t.v. mætti hanna einhvers konar minjagrip fyrir ferðamenn úr sandinum. Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar.

**Smábátasmíði**. Verkþekking er til staðar á smíði smábáta til notkunar t.d. á vötnum. Bent var á að á Melrakkasléttu eru gríðarlega mörg veiðivötn og hægt væri að smíða nokkra báta fyrir þann markað til að byrja með.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

## Landbúnaður og kjötvinnsla

**Skinna- og ullarvinnsla**, eitt þeirra atriða sem vert er að hafa í huga í tengslum við starfsemi Fjallalambs, er þetta hugsanlega leið til að auka virðisauka heima í héraði.

Framkvæmdaaðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar

**Sauðarækt** í nágrenni Kópaskers, hægt er að rækta sauði með tiltölulega litlum tilkostnaði og vinsældir þess eru að aukast. Sérstaka áherslu ætti að leggja á hágæða salt- og hangikjöt.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

## Sjávarútvegur og fiskeldi

**Smábátaútgerð\***, miklar umræður urðu um mikilvægi þess að byggja upp öflugri smábátaútgerð á staðnum. M.a. með því að efla strandveiðar, sem fundarmenn töldu mjög jákvæðar. Einnig vildu menn sjá meira frelsi í sjávarútvegi.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, fyrirtæki og einstaklingar

**Fiskmarkaður, sala af bryggjunni**, ferskur fiskur beint af bátum, aukin þjónusta við heimamenn og góð viðbót við ferðaþjónustu.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar og starfandi fyrirtæki

**Fiskvinnsla, salt- og harðfiskur**, miklar umræður urðu um tækifæri í að vinna úr þeim fiski sem að landi kemur. Meðal annars með salt- og harðfiskvinnslu.

Framkvæmdaaðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar

**Gefluhúsi í eigu heimamanna\*\***, það er grundvallaratriði fyrir útgerð og ýmsa vinnslu að Gefluhúsið sé í notkun og helst í eigu heimamanna. Þannig að afnot séu tryggð.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag og ríkið

**Aukið fiskeldi**, setja upp 4-5 stöðvar í passlegum stærðum, þar sem nýtt er ferskvatn í ám og stofnæð hitaveitu, minni áhætta með fleiri litlum stöðvum. Hægt væri að nýta Gefluhús, í tilraunaeldi, seiðaframleiðslu og/eða vinnslu.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, fyrirtæki og einstaklingar

**Vinnsla á grásleppuhrognum**, fram kom að mjög mikið magn af hrognum kemur í land á Kópaskeri, en þaðan fara þau öll óunnin. Þeir sem reynslu höfðu af vinnslunni sögðu reglugerðir gera vinnsluna erfiða í framkvæmd. Einnig komu fram hugmyndir um að ganga lengra en bara salta hrognin á staðnum, jafnvel mætti hugsa sér fullvinnslu á kavíar og pökkun.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar

## Önnur matvælaframleiðsla

**Matvæli úr landsins gæðum**, fram komu hugmyndir um vinnslu á jurtum og grænmeti t.d.

gulrótarsafaverksmiðja, framleiðsla á rabarbarasaft, vinnsla úr berjum, þari, vinnsla á annars flokks gulrótum, rabarbaravín, berjavín, tevinnsla. M.a. kom fram að hugsanlega væri hægt að nýta Gefluhúsið undir eitthvað af þessari vinnslu.

Framkvæmdaraðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar

**Aukin grænmetisræktun** í sandinum í Öxarfirði, stórfelld ylrækt fyrir Evrópumarkað, Gefluhúsið gæti verið hugsanlegt húsnæði undir slíka vinnslu.

Framkvæmdaraðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar

**Markaðssetning á héraðsframleiðslu\***, kanna þyrfti möguleika á að markaðssetja framleiðslu úr héraði, fisk, kjöt, grænmeti o.fl. á erlendum markaði. Sú hugmynd kom fram að hugsanlega væri hægt að forma Evrópuverkefni þar sem þessir möguleikar væru kannaðir m.a. með tilliti til hugsanlegrar inngöngu Íslands í ESB.

Framkvæmdaraðilar: Fyrirtæki, einstaklingar og sveitarfélag.

## Þjónusta

**Grunnskóli\***. Fundarmenn töldu það grundvallaratriði í þéttbýli að þar sé starfræktur grunnskóli. Skortur á grunnskóla letji barnafjölskyldur og ungt fólk til að flytja til Kópaskers. Enn fremur er grunnskóli atvinnuskapandi á staðnum.

Framkvæmdaaðili: Sveitarfélag

**Veitingasala.\*** Á Kópaskeri vantar tilfinnanlega veitingasölu. Einnig vantar upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Fjölmargar hugmyndir komu upp varðandi þennan þátt. M.a. að hægt væri að hafa upplýsingamiðstöð og kaffisölu í sama húsi, var gamla Mörk nefnd í því samhengi. Einnig kom fram sú hugmynd að setja upp bókakaffi, ef bókasafnið yrði flutt í húsnæði inni í þorpinu.

Framkvæmdaaðilar: Starfandi fyrirtæki og einstaklingar, en hugsanlega gæti sveitarfélagið komið að rekstri upplýsingarmiðstöðvar.

**Samfélag eldri borgara\*.** Þó nokkuð voru ræddar hugmyndir um að efla þjónustu við eldri borgara, með því t.d. að byggja hjúkrunar og dvalarheimili. Einnig með að auka þjónustu á borð við sjúkraþjálfun og að sjálfsögðu afþreyingu með þennan aldurshóp í huga. Þannig myndu lífsgæði íbúana aukast og staðurinn yrði aðlaðandi fyrir fólk sem væri að velja sér stað til að eyða ævikvöldinu.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, sveitarfélag og einstaklingar.

**Áfengisútsala.** Hana væri t.d. hægt að staðsetja í tengslum við verslunina, það myndi styrkja ferðaþjónustu og verslun á staðnum.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, fyrirtæki og einstaklingar

**Sundlaug\*.** Mikil umræða var um mikilvægi þess fyrir Kópasker að þar yrði byggð upp sundlaug. Það myndi auka á lífsgæði íbúanna og auka aðdráttarafl staðarins fyrir ferðamenn og nýja íbúa.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag

**Stór heitur pottur\*.** Jafnvel staðsettur niður við sjó þar sem fólk gæti slakað á, horft á brimið og norðurljósín á veturna og fuglalífið og hafið á sumrin. Slíkir pottar eru í sumum bæjarfélögum og eru mikið notaðir af heimamönnum og gestum. Slíkur pottur er t.d. rétt utan við þorpið í Tálknafirði.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélag og einstaklingar

**Sumardvöl fyrir unglina.** Sérstaklega væri höfðað til unglina úr þéttbýli. Lögð væri áhersla á sérstöðu dreifbýlis og grunntatvinnuvegi, t.d. væri hægt að starfrækja skólaskip, verknám í landbúnaði og reiðskóla. Nokkrar umræður urðu um að erfitt er að reka sumardvöl, miklar kröfur um fjölda starfsfólks og fleira gerir rekstrarumhverfið erfitt.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar

**Opinber störf.** Bent var á þá staðreynd að opinberum störfum hefur fækkað verulega á Kópaskeri. Ýmis verkefni á vegum ríkisins hafa verið færð út á landsbyggðina en ekki á þetta svæði. Sækja þarf á að fá opinber störf hingað.

Framkvæmdaaðilar: Ríkið, sveitarfélag.

## Ýmislegt

**Fjárfestingarsjóður\*.** Erfitt er að fjármagna uppbyggingu hér á svæðinu, fjárfestingarsjóður sem starfaði á svæðisvísu væri því ákjósanlegur kostur.

Framkvæmdaaðilar: Einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög.



## Flokkun hugmynda

Flokkun hugmynda	Auðveld í framkvæmd/rekstri	Meðal	Erfið í framkvæmd/rekstri
<b>Mikið atvinnuskapandi fimm eða fleiri starfsmenn</b>	<b>1</b>	<b>2</b> Grænmetisræktun Smábátaútgærd, efla strandveiðar	<b>3</b> Fiskvinnsla Vinnsla á jurtum og grænmeti Samfélag eldri borgara Fiskeldi Grásleppuhrognvinnsla Setja á fót grunnskóla
<b>Meðal tveir til fjórir starfsmenn</b>	<b>4</b>	<b>5</b> Fræðasetur Veitingasala Fjallalamb, veitingasala Ferðaskrifstofa Markaðssetn. á héraðsframl. Hugleiðslusetur Rekaviðarvinnsla	<b>6</b> Skinnvinnsla Presthólahr. jarðgarður/geopark Hótel Útsýnissiglingar, sjóstangveiði Sundlaug Sumardvöl unglunga Opinber störf
<b>Lítið atvinnuskapandi Einn eða færri starfsmenn</b>	<b>7</b> Árleg hátíð (sumarsólstöður) Íslenska menntanetið Skoðunarhús fuglar/selir Safnaferðir Jurtalitun Efla menningardaginn Stika og merkja gönguleiðir Sauðarækt Sléttumaraþon, Tófusprengrur Tónlistarhátíð Byggðasafnið, starf á ársgrundv. Smábátasmíði	<b>8</b> Upplýsingam. við Hólaheiðarafl. Þjónustubíll við Dettifoss Fiskmarkaður Siglingar Ylströnd Kajaksiglingar Minkaveiði í gildrur Fuglaveiðar Dorgveiði í vatni Áfengisútsala Stóran heitan pott Þjóðdansasfélag Jón Trausti Skrá örnefni og söguminjar Virkjun nýbúa í samfélaginu Handverkshús Bókakaffi sjóþveginn sandur Vinnustofur fyrir listamenn Byggja stein- og torfbyggingar	<b>9</b> Vetrariþróttasvæði Gefluhús í eigu heimamanna Útsýnisflug Fjárfestingarsjóður

## Samantekt

Íbúafundirnir voru mjög líflegir og fundarmenn tóku virkan þátt í öllu sem þar fór fram. Öllum sem þar sátu má vera ljós einlægur vilji þeirra sem þar voru til að sjá þá þróun sem orðið hefur í mannfjölda á Kópaskeri á undanförunum árum snúast við. Trú á þær náttúruauðlindir sem til staðar eru í Öxarfirði kom skýrt fram og sú skoðun þar felist miklir möguleikar til atvinnusköpunar. En hins vegar má segja að áhyggjur vegna fólksfækkunar voru áberandi. Fram kom mikil óánægja fundarmanna vegna lokunar grunnskóla á Kópaskeri. Einnig komu fram þó nokkrar áhyggjur af stöðu þorpsins í stærra sveitarfélagi, þ.e. að stjórnin væri komin lengra frá heimamönnum og erfiðara fyrir þá að hafa áhrif. Nokkuð var rætt um þátttöku þeirra sem nýrri eru í samfélaginu í ýmsu á vegum þess. Ljóst var á umræðunni að fundarmenn töldu ekki nógu vel takast upp í því að virkja fólk til þátttöku og því ætti ýmis mikilvæg samfélagsleg starfsemi undir högg að sækja, kórastarf, björgunarsveitarstarf og fleira. Ekki komu fram mótaðar tillögur um úrbætur í þessu efni.

Greina mátti tvær meginstoðir í þeirri atvinnuuppbyggingu sem fundarmenn vildu sjá á staðnum. Segja má að þessar tvær meginstoðir byggist báðar á náttúrunnar gæðum. Annars vegar er þar um að ræða ferðaþjónustu og hins vegar ýmsa matvælaframleiðslu og vinnslu. Innan matvælaframleiðslu og vinnslu flokkast efling útgerðar. Margoft kom fram óöryggi fundarmanna vegna þess að Gefluhúsið er ekki í eigu heimamanna. Þar er um mikilvæga aðstöðu að ræða sem hægt væri að nota til uppbyggingar í útgerð og margvíslegri vinnslu. En óöryggi um eignarhald og notkunarmöguleika gerir það að verkum að þeir möguleikar nýtast ekki.

## Aðkoma hagsmunaaðila að uppbyggingu

### Einstaklingar

Á fundunum komu fram margvíslegar hugmyndir sem nýst gætu einstaklingum. Þar er um að ræða atvinnutækifæri, menningarmál og samfélagsmál. Vilji og frumkvæði heimamanna skiptir grundvallarmáli í uppbyggingu atvinnu og samfélags. Í umræðunni kom einnig skýrt fram að mikið væri um góðar hugmyndir að atvinnusköpun en oftar en ekki vantaði einstaklingana til að hrinda þeim í framkvæmd.

### Fyrirtæki

Fundarmenn töldu að miklir möguleikar væri í frekari þróun fyrir þau fyrirtæki sem þegar eru starfandi á svæðinu. Í því samhengi var mikið rætt um matvælaframleiðslu og vinnslu. Ýmsir möguleikar voru nefndir til sögunnar í fiskeldi, grænmetisræktun, kjötvinnslu, fiskvinnslu og ferðaþjónustu.

## **Ríki**

Á fundunum kom fram það viðhorf að „pólítískur veikleiki“ svæðisins hefði þau áhrif að ekki væri lögð sérstök áhersla á að byggja þar upp eða fylgja eftir mikilvægum málefnum fyrir Kópasker og nágrenni. Var í því samhengi meðal annars rætt um rannsóknir varðandi olú í Öxarfirði. Fram kom að ríkisvaldið gæti haft mest áhrif með lagasetningu og reglugerðum ýmis konar. M.a. var mikil ánægja með strandveiðar sem leyfi var gefið fyrir á árinu og þær taldar mjög jákvæðar fyrir atvinnuuppbyggingu í þorpinu, en hins vegar væru ýmsar reglugerðir í fiskvinnslu sem að gerðu uppbyggingu erfiða. Einnig kom fram að flutningur opinberra starfa á svæðið væri æskilegur. Fram kom að bæta þyrfti netsamband á Kópaskeri en öflugt og öruggt netsamband er einmitt grunnurinn að margvíslegri atvinnuuppbyggingu í dag. Þar að auki er það orðið hluti af þeim grundvallaratriðum sem fólk gerir kröfu um þegar það veltir fyrir sér búsetu.

## **Sveitarfélag**

Miklar umræður urðu um aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu á Kópaskeri og nágrenni. Að þó nokkru leyti einkenndust þær af vantrú á vilja sveitarfélagsins í þá átt. Sú vantrú virtist að mestu eiga rót sína að rekja til þeirra deilna sem staðið hafa um grunnskólastarf á Kópaskeri. Á hinn bóginn var alveg ljóst að fundarmenn litu svo á að aðkoma sveitarfélagsins að hinum ýmsu verkefnum sé grundvallaratriði. Vilja menn sjá þá aðkomu bæði í tengslum við uppbyggingu á grunngerð, skóla, grunnskóla, þjónustu við aldraða og fleira, en einnig í tengslum við beina atvinnuuppbyggingu og ekki síst menningarmál. Sveitarfélagið er framkvæmdaraðili eða einn þeirra í mjög mörgum af þeim hugmyndum til atvinnusköpunar sem fram komu á fundunum.

## **Stoðkerfi**

Margar hugmyndir sem fram komu á fundinum gerðu ráð fyrir því að stoðkerfið ynni að því með heimamönnum að koma þeim í framkvæmd. Var þá bæði rætt um ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun. Voru Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Byggðastofnun oft nefnd í því samhengi. Þannig er oft verið að vísa til atvinnuþróunarfélagsins þar sem rætt er um sveitarfélagið sem framkvæmdaðila, enda félagið rekið í umboði sveitarfélaganna á svæðinu.

## **Frá orðum til athafna**

Framkvæði íbúanna sjálfra er mikilvægasta hreyfiaflið í því að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum og verkefnum sem hér hefur verið fjallað um. Til að svo megi verða er þó ljóst að til þarf að koma stuðningur ýmissa aðila. Aðkoma sveitarfélagsins er víða skilgreind varðandi einstök verkefni. Það er þó ekki síður mikilvægt að sveitarfélagið beiti sér þannig að grunngerð opinberrar þjónustu og samgöngu- og fjarskiptamál séu með þeim hætti að hamli ekki atvinnuuppbyggingu og almennum búsetuskilyrðum. Hagsmunagæsla gagnvart ríkisvaldinu er hér mikilvægur verkþáttur ásamt eigin aðkomu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli sveitarfélagsins og atvinnuþróunarfélagsins um framhald málsins, m.a. til að virkja aðra aðila stoðkerfis atvinnulífsins til aðkomu að einstökum verkefnum.

